

(/)

MÁNUDAGUR, 25. APRÍL 2022

INNLENT (/FRETTIR/INNLENT/) 23. ágúst 2021 18:02

Nýtt fjarvinnuver í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus, Landsbankinn og Ölfus Cluster standa saman að nýju skrifstofuhóteli og fjarvinnuveri í Þorlákshöfn.

Ritstjórn ritstjorn@vb.is (mailto:ritstjorn@vb.is)

Tweet



(/media/cache/a3/48/a3483c567a8db9a7863ed4422e9746ad.jpg)

Ellíði Vignisson, Páll Marvin Jónsson og Lilja Björk Einarsdóttir. 📷 **Aðsend mynd**

Sveitarfélagið Ölfus, Landsbankinn og Þekkingarsetrið Ölfus Cluster hafa komist að samkomulagi um opnun skrifstofuhótels og vinnustofu með áherslu á fjarvinnu í Þorlákshöfn. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Fram kemur að stefnt sé að því að opna fjarvinnuverið 1. nóvember næstkomandi í Hafnarbergi 1 þar sem útibú bankans er nú til húsa en útibúið færir sig um set í sama húsi.

Í tilkynningunni segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri, að þau hjá Sveitarfélaginu Ölfusi hafi um langt skeið átt afar farsælt samstarf við Landsbankann og séu því fyrst og fremst ánægð með að frábær þjónusta bankans hér í Þorlákshöfn verði tryggð.

„Fólksfjölgun hér er hröð og því afar mikilvægt fyrir okkur að tryggja aðgengi að þessari mikilvægu þjónustu. Bankaþjónusta um allan heim hefur verið að breytast og hjá okkur ríkir fullur skilningur á því að húsnæðisþörfin hefur líka breyst. Við erum líka þakklát fyrir að Landsbankinn sjái tækifæri í að halda hér áfram þjónustu og þá ekki síður fyrir að þau skuli sýna metnað til þess að þróa samfélagið hér með okkur með aðkomu að uppbyggingu Þekkingarsetursins Ölfus Cluster og tilkomu skrifstofuhótels og vinnustofu,“ er haft eftir honum í tilkynningunni.

Mæta vaxandi þörf á fjarvinnuaðstöðu

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir í tilkynningunni það vera ánægjulegt að koma að þessari uppbyggingu í Þorlákshöfn og sjá húsnæðið fá nýtt og spennandi hlutverk. „Viðskiptavinir okkar kjósa í síauknum mæli að nota stafrænar lausnir til að sinna sínum bankaviðskiptum þegar þeim hentar. Hægt er að fá nánast alla almenna bankaþjónustu í netbankanum, Landsbankaappinu eða í hraðbönkum. Heimsóknum í útibú hefur þar af leiðandi snarfækkað og húsnæðisþörfin breyst.“

Hún segir þar jafnframt að bankinn muni halda áfram að einbeita sér að því að gera líf viðskiptavina einfaldara með aðgengilegri þjónustu og góðri ráðgjöf. Það sé Landsbanki nýrra tíma.

Þá er haft eftir Páli Marvini Jónssyni, framkvæmdastjóra Ölfus Cluster, að þau vilji mæta hratt vaxandi þörf fyrir fjarvinnuaðstöðu í sveitarfélaginu.

„Sveitarfélagið Ölfus og þá ekki síst Þorlákshöfn eru í mikilli og hraðri uppbyggingu. Fólki fjölgar hratt hér og þarfir samfélagsins breytast samhliða nýjum takti. Fjölmargir íbúar vinna störf sín í fjarvinnu og Covid-ástandið hefur flýtt þeirri þróun. Þörfin fyrir fjarvinnuaðstöðu hefur því vaxið hratt og við viljum mæta þeirri þörf með því að koma hér upp skrifstofuhótel og vinnustofu. Við höfum líka fengið fjölda fyrirspurna frá fyrirtækjum sem hér eru eða eru að flytja hingað og vilja fá afnot af skrifstofuhúsnæði. Þetta stóra skref gerir okkur einnig mögulegt að mæta þeirri eftirspurn,“ segir hann.


Tweet

Í brennidepli



Risa fjárfesting Bandaríkjahers á Íslandi

(/frettir/risa-fjarfesting-bandarikjahers-landi/173995/)



Fjárfestir í litháískum „einhyrningi“

(/frettir/fjarfestir-i-lithaenskum-einhyrningi/173990/)



KEA hagnast um 721 milljón

(/frettir/kea-hagnast-um-721-milljon/173986/)



Davidð fjárfestir í sölutorgi fyrir gáma

(/frettir/david-fjarfestir-i-solutorgi-fyrir-gama/173996/)

Mest lesið

Í DAG | VIKAN | EFTIR VINNU

1 Tæplega milljarðs króna tap



(/frettir/taeplega-milljards-krona-tap/174043/)

2 Fjárfestar að missa trúna



[\(/frettir/fjarfestar-ad-missa-truna/174040/\)](#)

3



640 milljónir í skyrútrás

[\(/frettir/640-milljonir-i-skyrutras/174038/\)](#)

4



Gjörbylta raforkumarkaði

[\(/frettir/gjorbylta-raforkumarkadi/174018/\)](#)

5



Kjarninn skilinn frá hisminu

[\(/skodun/kjarninn-skilinn-fra-hisminu/174025/\)](#)

EFTIRVINNU

[SJÁ MEIRA \(/eftirvinnu\)](#)



**650 hestafla Porsche
frumsýndur (/eftirvinnu/650-
hestafla-porsche-
frumsyndur/174031/)**

Skoðun (/skodun/)



Halldór B. Þorbergsson 23. apríl
Stafrænn veruleiki – ný nálgun

(/skodun/stafrænn-veruleiki-ny-nalgun/174032/)



Ólafur Stephensen 22. apríl
Vínberjabragð bannað?

(/skodun/vinberjabragd-bannad/174022/)



Þorvarður A. Ágústsson 17. apríl
Nýr úrskurður umbreytir túlkun Skattsins

(/skodun/nyr-urskurdur-umbreytir-tulkun-skattsins/173913/)

Tölublöð (/tolublod/)



22. apríl

(/tolublod/files/2346/)



13. apr



Ármúla 10

108 Reykjavík

Sími: 511-6622

ritstjorn@vb.is (mailto:ritstjorn@vb.is)

askrift@vb.is (mailto:askrift@vb.is)

auglysingar@vb.is (mailto:auglysingar@vb.is)

Tenglar

Um Viðskiptablaðið (/um-bladid/)

Starfsmenn (/um-bladid/starfsmenn/)

Áskrift (/notendur/nyskraning/)

Sölustaðir (/um-bladid/solustadir/)

Innskráning (/notendur/innskraning/)

Efni

Innlent (/frettir/innlent/)

Erlent (/frettir/erlent/)

Sjónvarp (/sjonvarp/)

Eftir vinnu (/eftirvinnu/)

Fólk (/folk/)

Skoðanir

Pistlar (/skodun/pistlar/)

Óðinn (/skodun/odinn/)

Týr (/skodun/tyr/)

Huginn og Muninn (/skodun/huginn-og-muninn/)

Útgáfa

Viðskiptablaðið (<http://www.vb.is>)

Fiskifrétir (<http://www.fiskifrettir.is>)